

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs  
Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. júlí 2016  
UST201606-023/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020, hafnarsvæði.**

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020, hafnarsvæði.

#### **Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið er höfnin og hafnarsvæðið á Dalvík. Á uppdrætti kemur fram að í tillögunni er gert ráð fyrir landfyllingum og færslu á núverandi viðlegukanti.

#### **Landfyllingar**

Á uppdrætti kemur fram hvar ofangreindar landfyllingar eru áætlaðar, einnig kemur fram að ströndin og hafnarsvæðin eru allt röskuð svæði nú þegar. Í greinargerð á uppdrætti kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir fjórum landfyllingum samtals um 5 ha að stærð, stærsta fyllingin verður um 1,8 ha að stærð og minnsta um 0,5 ha. Skv. umhverfisskýrslu eru skipulagðar landfyllingar 3 ha að stærð, stofnunin bendir á að þarna gætir misræmis.

#### **Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að endurbætur hafi verið gerðar á fráveitu frá Dalvík, en einnig kemur fram að skólp fer óhreinsað til sjávar. Í ástandslýsingu sem unnin var af heilbrigðisfulltrúa í janúar 2012 og vitnað er í í greinargerð kemur fram að Dalvíkurbyggð eigi eftir að byggja hreinsivirki á Dalvík. Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, m.s. breytingum, kemur fram að eins þreps hreinsun ætti þegar að vera komin á. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að setja í tillögu að breyttu aðalskipulagi tímasett markmið um uppbyggingu hreinsivirkis fyrir skólp á Dalvíkur.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Svava Pétursdóttir

Svava Pétursdóttir  
Lögfræðingur